# Grunnskólinn - námsáætlun fyrir fjármálalæsi, valgrein miðað við 1 klst. í viku.

| **Námsefni: Fyrstu skref í fjármálum og verkefni á fjarmalavit.is** | **Hvernig** | **Hæfniviðmið** |
|---|---|---|
| **Kafli 1 - Uppruni og ráðstöfun verðmæta**<br>1) Verkefnið Fjármálastjórinn<br>2) Fjármálastjórinn – skil 1<br>3) Fara yfir glærur úr kafla 1<br>*4)* Launaseðill<br>Verkefni um launaseðil<br>5) Verkefni Hvað kosta ég?<br>6) Próf úr kafla 1 | 1) Kynna verkefnið og útskýra hvers vegna verið er að leggj það fyrir, sem er að læra á áhættur.<br>2) Fylla inn í skjalið og fá þau til að hugsa um hvernig er hægt a minnka áhættu með t.d. dreifingu<br>3) Fara yfir atriðin sem eru á glærunum og ræða þau atriði sem nemendur skilja ekki.<br>4) Útskýra hugtökin sem eru á launaseðlinum.<br>Sýna myndband um launaseðilinn og svara kahootspurningum. Skoða fleiri verkefni á vef ef tími.<br>5) Leggja fyrir verkefni hvað kosta ég?<br>6) Hér má nota Quizizz spurningar úr bókinni á fjarmalavit.is/namsefni. | • Átta sig á samspili tíma og ávöxtunar þegar kemur að sparnaði og lántöku.<br>• Átta sig á mikilvægi sparnaðar og geta greint og borið saman mismunandi sparnaðarform, t.d. óbundið/bundið, verðtryggt/óverðtryggt, bankareikningur/hlutabréf/sjóður osv.frv.<br>• Gera sér grein fyrir almennum réttindum og skyldum á vinnumarkaði sem felur m.a. í sér að geta lesið og skilið ráðningarsamning, hafa skoðun á launum og vinnutíma og skilja hvað stendur á launaseðli, eins og orlofsrét tur, lífeyrissjóðsgreiðslur, slysa- og veikindaréttur, skylda til staðgreiðslu tekjuskatts<br>og útsvars frv. Hann þarf auk þess að átta sig á gru ndvallarmuninum muninum á því að vera launþegi og því að greiða sjálfum sér laun.<br>• Hafa nokkra vitund um hvað það kostar fyrir einstakling að vera til og átta sig á helstu kostnaðarliðum í rekstri heimilis, t.d. hiti og rafmagn, matarinnkaup, samgöngur, tryggingar osv.frv.<br>*Gefin er einkunn fyrir verkefnin og svo er próf úr efni fyrsta kafla* |

| | | |
|---|---|---|
| **Kafli 2 - Eignir og lán**<br>1) Fjármálastjórinn – skil 2<br>2) Glærur úr 2. Kafla<br>3) Verkefni Að greiða niður skuldir<br>4) Að greiða niður skuldir – kynning<br>5) Próf úr kafla 2 | 2) Fara yfir atriðin sem eru á glærunum og ræða þau atriði sem nemendur skilja ekki.<br>3) Hefja verkefni<br>4) Kynna verkefni<br>5) Hér má nota Quizizz spurningar úr bókinni á fjarmalavit.is/namsefni. | • Tekist á við verkefni úr umhverfinu eða samfélaginu, þar sem þarf að afla upplýsinga og meta þær, finna lausnir, m.a. í tengslum við ábyrgð á eigin fjármálum, neyslu og þróun samfélagsins.<br>• Hafa tileinkað sér verðvitund og geta greint á milli og borið saman gæði og verð á vörum og þjónustu<br>• Geta sett upp einfalda fjárhagsáætlun/sparnaðaráætlun og haft yfirsýn yfir eigin tekjur og gjöld.<br>*Gefin einkunn fyrir skil 2 og verkefni. Próf úr efni í öðrum kafla.* |

| | | |
|---|---|---|
| **3. Nokkur hollráð**<br>1) Fjármálastjórinn – skil 3<br>2) Glærur úr 2. kafla<br>3) Verkefni Að setja sér markmið<br>4) Að setja sér markmið<br>5) Að setja sér markmið<br>6) Hugtakaspil<br>7) Fjármálastjórinn – skil 4<br>8) Fjármálaleikar<br>9) Kvikmyndir sem tengjast fjármálum. | 2) Fara yfir atriðin sem eru á glærunum og ræða þau atriði sem nemendur skilja ekki.<br>3) Vinna<br>4) Vinna<br>5) Kynning<br>6) Dægurlagið: Pabbi minn er ríkari en pabbi þinn. Gaman að leyfa krökkunum að hlusta eftir sem flestum fjármálatengdum hugtökum og telja þau.<br>7) Svara 64 spurningum, heimavinna eða í tíma.<br>8) Fjármálaleikar í mars<br>9) Annað – sýna bíómyndir:<br>The Big short – 2 tímar<br>Moneyball – 2 tímar<br>Get smart with money – 2 tímar | • Geta sett upp einfalda fjárhagsáætlun/sparnaðaráætlun og haft yfirsýn yfir eigin tekjur og gjöld.<br>• Átta sig á samspili tíma og ávöxtunar þegar kemur að sparnaði og lántöku. |

Við gerð námsáætlunar er gert ráð fyrir að yfirferð á glærum taki um 1 klst. fyrir hvern kafla.

Fjármálastjórinn, skil 1-2-3-4 tekur um 2 klst. hvert auk heimavinnu.

Launaseðill, 2 klst.

Hvað kosta ég?, 1 klst.

Að greiða niður skuldir, 3 klst.

Próf 1-2-3 taka 1 klst hvert.

Að setja sér markmið, 4 klst.

Fjármálaleikar, 3 klst.

Hugtakaspil 1 klst. (hægt er að hefja tíma á að skrifa niður hugtök úr laginu „pabbi minn er ríkari en pabbi þinn“ á youtube.

Einnig er skemmtilegt að sýna myndirnar „The big short“, „moneyball“ eða „Get smart with money“.

Þær taka um 2 klst. hver í spilun með stoppum og spjalli.